

UMSÖGN ÁBYRGRAR FRAMTÍÐAR UM “TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN HATURSORÐRÆÐU 2023–2026”

Samtökin Ábyrg Framtíð lýsa yfir áhyggjum af því að fyrirhuguð þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu muni veða að stjórnarskrártryggðu tjáningarfrelsi Íslendinga. Aðgerðaráætluninni er ætlað að fylgja eftir hegningarlagaákvæði 233a, í hegningarlögum. Þetta ákvæði er gallað því skilgreining laganna á broti er of huglæg og löggin standast því ekki eðlilegar lágmarkskröfur um skýrleika laga í réttarríki. Löggin stríða jafnframt gegn jafnréttisákvæði stjórnarskrár (65. grein), með því að verndar suma hópa en ekki aðra.

Tjáningarfrelsið eru hornsteinn lífshæðisins. Til að lífshæðin virki þarf umræða að vera upplýst og til að umræða sé upplýst þurfa allar skoðanir að geta heyrst. Án upplýstrar umræðu verður stjórnarfar einræðisleg og erfiðara er að vinna ofan af röngum ákvörðunum þegar vettvangur fyrir gagnrýni skortir. Í skjóli slíkrar þöggunar fær óréttlæti og spilling þrífist.

Tjáningarfrelsið má því aldrei skerða nema brýn nauðsyn beri til. Ef það er skert verða allar reglur fyrir slíkri skerðingu að vera auðskiljanlegar fyrir alla því allir þurfa að tjá sig alla daga. Eins má takmörkun tjáningarfrelsis aldrei vera þess eðlis að yfirvöld geti ekki misnotað slík valdinngríp. Fyrirliggjandi þingsályktunartillaga uppfyllir ekki þessi skilyrði og mun auka á afskipti yfirvalda af lífshæðislegri umræðu og skoðanamyndun.

Athygli vekur að í þessa þingsályktunartillögu fyrir hatursorðræðu hefur jafnframt verið bætt inn aðgerðaráætlun vegna undirbúnings að innleiðingu reglugerðar um skyldur þjónustuveitenda að fjarlægja “rangar” upplýsingar. Innleiðing slíks regluverks yrði afar varhugaverð þróun því það opnar á að yfirvöld geti stýrt umræðunni mun meir en áður með að skilgreina óæskilegar upplýsingar sem rangar. Þessari þingsályktunartillaga er þannig veruleg ógn við tjáningarfrelsið í landinu og ber að því að hafna henni.

Stjórnarskrá ekki virt

Í 73. grein stjórnarskrár Íslands eru ýmis ákvæði til að vernda tjáningarfrelsinu. Eingöngu er leyft að setja tjáningu skorður í afmörkuðum tilgangi og þá bara ef að slíkar takmarkanir séu í senn “nauðsynlegar og samrýmist lífshæðis hefðum”. Hvorugt skilyrðið er uppfyllt í hatursorðræðulöggjöfinni.

Þannig hefur rökstuðningur fyrir hatursorðræðulöggjöfinni skort, nauðsyn hennar hefur ekki verið greind og ekki virðist hafa verið skoðað að beita öðrum skaðminni leiðum en að skerða tjáningarfrelsið til að draga úr afleiðingum hatursáróðurs. Eins eru möguleikar yfirvalda til að misnotkunar töluverðir.

Hatursorðræðulöggjöfin er óskýr og vinnur gegn markmiðum sínum

Þingsályktunartillögunni er m.a. ætlað að styrkja innleiðingu íslenskrar hatursorðræðulöggjafar í 233 gr. a. í hegningarlögum. Svo virðist samt sem þessi löggjöf um hatursorðræðu hafi verið vanhugsuð því nákvæma skilgreiningu á hatursorðræðu skortir. Fyrir vikið er oft útilokað fyrir almenning að átta sig á hvaða orðræða sé lögbrot og hvaða orðræða sé heimil. Skýrasta dæmið um þennan galla kom fram árið 2015 þegar gefnar voru út kærur á 7 einstaklinga. Af þessum var einn einstaklingur sakfelldur í héraðsdómi og tvö málanna enduðu með sakfellingu fyrir hæstarétti. Ákærvaldið var þannig ósammála héraðsdómi í 6 málanna og héraðsdómur var ósammála hæstarétti í einu af tveimur málum sem fóru fyrir hæstarétt. Hatursorðræðulöggjöfin er þannig ekki hlutlæg löggjöf heldur huglæg löggjöf háð upplifun dómara. Þættir sem að dómara þurfa m.a. að taka tillit til er hugarástand þess sem fer með

hatursorðræðuna, samhengið og jafnvel upplifun þess sem hatursorðræðan beinist að. Flækjustigið er þannig gríðarlegt.

Eins verður að horfa til þess að hatursorðræðukæra getur orðið afar þungbært þeim ákærðu, og ákæran ein getur verið refsing. Ákærunar 2015 voru t.d. nýttar til að hrekja auglýsendur frá viðskiptum við Útvarp Sögu. (sjá hér ... <https://utvarpsaga.is/sema-erla-stendur-a-bak-vid-hatursarodurssidu-gegn-utvarpi-sogu/>) Þáttastjórnandinn á Útvarpi Sögu sem var kærður var hins vegar sýknaður. Ákæran sjálf var þannig orðin að sambærilegri hatursorðræðu og lögin áttu að stoppa.

Öll þurfum við að tjá okkur daglega. Að setja hömlur á tjáningu, án þess að skilgreina nákvæmlega hvaða tjáning er refsiverð er lagagjörningur sem útilokað er fyrir almenning að skilja og því einnig útilokað fyrir almenning að fara eftir slíkum lögum. Ákvæði 233a í hegningarlögum stenst þannig ekki lágmarkskröfur um skýrleika laga og því þarf að fella það úr gildi.

Lögleg hatursorðræða

Algengasta orsök hatursorðræðu er vanþekking. Sá sem fer með hatursorðræðuna er grunlaus um að hann sé að segja eitthvað rangt eða að valda einhverjum skaða, á meðan sá sem verður fyrir hatursorðræðunni er með allt annan skilning. Til að unnt sé að eyða slíkum fordómum verða “rangar” skoðanir komi upp á yfirborðið svo hægt sé að ræða málin og vinna gegn vanþekkingu og fordómum. Hatri er dreift víða í samfélaginu í dag. Það að uppnefna allt fólk sem rasista fyrir að vilja ræða innflytjendamál af hreinskilni er t.d. dæmi um áróðurstækni þar sem hatursorðræðu er beitt til að smána og jaðarsetja hóp fólks í samfélagsumræðunni svo minna mark sé tekið á þeim. Slík hatursorðræða er hins vegar lögleg því núverandi löggjöf verndar ekki fólk frá hatursorðræðu þegar hatursorðræðan sem það verður fyrir er vegna skoðana. Að þessu leyti uppfyllir hatursorðræðulöggjöfin ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem löggjöfinni er aðeins ætlað að vernda suma hópa gegn hatursorðræðu en ekki aðra.

Hentugleikaeftirfylgni hatursorðræðulöggjafarinnar

Mikið ójafnræði er einnig í eftirfylgni á hatursorðræðulöggjöfinni. Þannig er ekki ólíklegt að stór hópur flóttamanna og hælisleitenda beri kaldan hug til þeirra þjóða sem hröktu þá á flóttu og tjái sig um slíkt sín á milli á samfélagsmiðlum og víðar. Margir Úkraínnumenn bölvu eflaust Rússum, Kúrdar bölvu Tyrkjum og Palestínumenn bölvu Ísraelsmönnum. Eins er þekkt að innflytjendur taka stundum með sér ýmsa fordóma og afturhalds siði úr gamla heimalandinu. Í Evrópu hefur slíkur hatur sem fylgir sumum þjóðarbrotum m.a. orðið til þess að gyðingaandúð er í hæstu hæðum í sumum innflytjendahverfum. Enn er samt líklega beðið eftir fyrstu hatursorðræðukæru gegn innflytjanda.

Hatursorðræða er einnig mjög algeng hér á landi. Vinstrimenn tala oft hatursfullt um Bandaríkjamenn eða um pólitíska andstæðinga sína og vilja gjarnan líkja [þeim við Hitler eða Mússólíni](#) (sem þó voru sósíalistar). Annað mjög sérstakt dæmi er að þrír síðustu forsetar Íslands hafa mært eða tekið þátt í lestri Passíusálmana ásamt ýmsum öðrum íslenskum mektarmönnum. Ein helstu og virtustu baráttusamtök heims gegn gyðingaandúð hafa hins vegar bent á að ljóðið sé yfirfull af gyðingaandúð, (líklega í anda tíðarandans þegar ljóðið var samið). Hér má sjá bréf sem rabbíinn Abraham Cooper, aðstoðarforseti hjá Simon Wiesenthal stofnuninni í Los Angeles ritaði Páli Magnússyni útvarpstjóra í tilefni útsendingar RÚV af lestri Passíusálma. (https://fornleifur.blog.is/users/5c/fornleifur/files/rabbi_cooper_to_r_v_15703.pdf).

Ekki er vitað til þess að kærur hafi verið lagðar fram gegn neinum af þessum hatursorðræðum sem hér eru nefnd.

Sú aðgerð að færa yfirvöldum í hendurnar völd til að refsa fólki fyrir jafn algengan gjörning og hatursorðræðu sem flestir hafa einhverju sinni framið við að missa úr sér óvönduð orð, er aðför að réttarríkinu. Enn fremur geta yfirvöld stýrt hverjum verði refsað og hverjum ekki með því að beina eftirliti að ákveðnum hópum og sleppa öðrum. Hatursorðlöggiöfin er að því líka pólitískt tól, sem nýta má til að koma höggi á pólitíska andstæðinga.

Óheft hreinskilin umræða á alltaf rétt á sér og engan hóp á að verja gegn orðræðu sem sumir geta túlkað sem hatursorðræðu. Slík vernd er óþarfi því ósmekkleig orð dæma sig sjálf.

Fórnlömb þöggunarinnar

Hluti af gagnrýni á trú, innflytjendum, þjóðum eða kynhegðun er gagnrýni sem vel getur átt rétt á sér að vera rædd og getur stundum verndað þá sem minnst mega sín og ekki í stöðu til að tjá sig. Sumir trúarhópar bera með sér mismunun sem ekki samræmist vestrænu siðferði og mannréttindum. Slíkt verður að ræða og gagnrýna ellegar er hætt við að brot haldi áfram og vandamál vaxi. Víða erlendis sjást afleiðingar þess ef innflytjendur ná ekki að aðlagast nýja heimalandinu og verða útundan þannig að ýmis vandamál fara að grassera. Sumir sértrúarsöfnuðir þvinga meðlimi til að slíta sambandi við ættingja og vini sem setur þá sem vilja ganga úr slíkum söfnuðum í afar erfiða stöðu. Slíka hegðun ber að gagnrýna og ræða opinskátt. Þó mikið af kynseginfræðslu fyrir börn (sem menn hafa verið dæmdir fyrir að gagnrýna) sé eflaust til góða, þá má öllu ofgera og fyrir sum börn kann slíkt að vera skaðlegt, enda eru dæmi um að börn hafi breytt um kyn en síðan séð eftir því þegar þau fullorðnuðust. Nauðsynlegt er því að geta rætt þessi mál fölskalaust án hatursorðræðuákæra.

Öfgafyllsta dæmi um hatursáróður á Íslandi var í boði núverandi stjórnvalda

Öfgafyllsta dæmi um hatursáróður gegn minnihlutahópi á Íslandi er hatursáróður ríkisstjórnar gegn óbólusettum sem unnu sér það til sakar að vilja ekki taka tilraunalyf (á skilyrtu markaðsleyfi) gegn COVID-19. Réttur fólks yfir eigin líkama og eigin lífi eru grundvallarmannréttindi sem alltaf ber að virða. Nú hefur komið í ljós að þessar efasemdir óbólusettra áttu við rök að styðjast. Engar mælingar voru gerðar á því hvort lyfin hindruðu smit og mynduðu harðónæmi, þrátt fyrir að íslensk heilbrigðisyfirvöld [héldu fram öðru](#). Eins hafa í dag komið út á þriðja þúsund ritrýndra greina sem lýsa margvíslegum eiturverkunum bóluefnanna.

Í nóvember 2021 fór af stað [ákveðin](#) hatursorðræða gegn óbólusettum Íslendingum. Þannig skrifaði ritstjóri fréttablaðsins [leiðara](#) þar sem hann vildi takmarka frelsi óbólusettra byggt á [rangri tölfræði](#). Stuttu síðar, 16. nóvember 2021 [var sagt að rætt hefði verið á ríkisstjórnarfundi að beita óbólusetta harðari aðgerðum](#) og sagt beint út að "...þeir óbólusettu sem takmarka möguleikana til þess." [að létta aðgerðum]. Samhliða þessum yfirlýsingum fóru ýmsir fordómar og mismunun að verða meira áberandi.

Ísland er ekki eina landið sem slíkur áróður gegn óbólusettum náði flugi og í erlendum [viðhorfskönnunum](#) hefur sýnt sig að andúð bólusettra á óbólusettum er meiri en andúð sem mældist gegn innflytjendum frá mið austurlöndum, fíklum, fyrrverandi föngum og álíka minnihlutahópum sem oft mæta meiri andúð.

Hér á landi hefur þessi andúð, leitt til að [fólk missti vinnu](#) eða er hótað atvinnumissi, og vinaslit orðið við ættingja og vina.

Þessi afstaða byggði á rangri upplýsingagjöf um að bóluefnin stöðvuðu smit sem yfirvöld vissu að stæðust líklega ekki og var því rógburður. Óvíst er hvort þessi hatursorðræðurógburður sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum því óbólusettir eru ekki skilgreindur sem hópur sem ekki má rægja opinberlega. En þó að

flestir óbólusettir hafi litið á þessi orð sem hatursorðræðu, verður að efast um að ráðherrarnir hafi gert sér sömu grein fyrir því. Í þeirra huga var bara verið að verja óvinsælar aðgerðir svo reiði almennings beindist ekki að þeim sjálfum.

Þó að kófið sé nú vonandi að mestu að baki þá sýnir þetta dæmi að yfirvöldum er ekki treystandi fyrir að stýra takmörkunum á málfrelsinu, því ef þau mun hafa hagsmuni af því að misnota vald sitt yfir málfrelsið er ekki hægt að treysta því að þau misnoti það ekki.

Niðurstaða

Það átak sem þingsályktunartillagan nær til er til þess fallið að auka afskipti ríkisins af tjáningarfrelsi Íslendinga. En þann dag í dag hafa yfirvöld ekki skilgreint hvað hatursorðræða er, en samt stendur til að gera greiningu á hatursorðræðu í samfélaginu, þar sem niðurstöður verða væntanlega birtar. Án skilgreiningar á hatursorðræðu yrði sérhver slík niðurstaða rógburður og mögulega hatursorðræða, því fólk er saklaust þar til sekt er sönnuð. Það er ekki hlutverk styrkþega sem forsætisráðherra metur að meta hvort um ólöglega hatursorðræðu er að ræða, heldur dómsvaldsins.

Yfirvöld ætla síðan í ítarlegt kennsluáttak á hatursorðræðu, þar sem m.a. verður haldið námskeið fyrir opinbera starfsmenn. En hver á að semja kennsluefnið? Sá sem semur kennsluefnið er farinn að skilgreina hvað er hatursorðræða. En þar sem um hegningarlagabrot er að ræða, þá er þessi aðferð ekki rétt. Það er Alþingis að setja lög og dómsvaldsins að dæma eftir þeim. Námsefnishöfundar hafa ekkert umboð til að skilgreina hvað er löglegt og hvað ekki. Fyrir vikið yrði slík kennsla marklaus.

Sambærilega átak á svo að fara fram í skólum landsins og óvíst er að slíkt skili nokkru í ljósi framangreinds.

Afar varhugaverður hluti átaksins snýr að uppfærslu laga um rafræn viðskipti og þjónustu sem snýr bæði að því að fjarlægja ólöglegt efni, þar sem einnig er kveðið á um að það eigi að vera hægt að fjarlægja upplýsingar sem taldar eru "rangar". Slík ritskoðun býður upp á að yfirvöld geti tekið sér vald yfir því að skilgreina hvað eru "réttar" upplýsingar og fari að útiloka aðrar upplýsingar. Við það yrði tjáningarfrelsið farið og lýðræðið komið í öngstræti. Ekkert yfirvald í lýðræðisríki má nokkurn tímann fara með slík völd.

22. janúar 2022

VIÐAUKI: UMSÖGN UM AÐGERÐIR AÐGERÐARÁÆTLUNARINNAR

<p>Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023–2026. Frá forsætisráðherra. Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026.</p>	
Þingsályktunartillaga	Umsögn
<p>1. Framkvæmdasjóður vegna verkefna gegn hatursorðræðu. Varið verði 30 millj. kr. samtals til verkefna sem styðja við verkefni gegn hatursorðræðu á vegum ráðuneyta fyrir árin 2024-2026. Verkefnin verði samstarfsverkefni ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, ríkisstofnana og/eða háskólasamfélagsins auk annarra hagsmunaaðila. Niðurstöður, reynsla og þekking verði nýtt á sviði málefna sem tengjast hatursorðræðu eða til að innleiða tillögur í aðgerðaáætlun. Forsætisráðuneytið auglýsi eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthluti 10 millj. kr. árlega á tímabilinu að undangengnu faglegu mati skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð verði kynnt ráðuneytum fyrir 1. október 2023. Tímaáætlun: 2024–2026. Kostnaðaráætlun: 30 millj. kr. Ábyrgð: Forsætisráðuneyti. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: Aðalinntak heimsmarkmiðanna um að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir.</p>	<p>Hatursorðræða hefur ekki enn verið skilgreind. Hætt er við að þessi sjóður verði notaður til að sverta pólitíska andstæðinga, með að beina verkefnum að þeim. Sjóðurinn sjálfur getur orðið rót hatursræðu. Slík verkefni eiga ekki rétt á sér.</p>
<p>2. Vitundarvakningarherferð. Unnin verði herferð um vitundarvakningu gegn hatursorðræðu í samfélaginu þar sem fjallað verði um birtingarmyndir og afleiðingar slíkrar tjáningar. Sérstaklega verði horft til þess hvaða hópar eigi á meiri hættu að verða fyrir slíkri orðræðu og hegðun. Tímaáætlun: 2023–2024. Ábyrgð: Forsætisráðuneytið og Jafnréttisstofa. Kostnaðaráætlun: 15 millj. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 4.7, 10.3, 16.10.</p>	<p>Almenn vitundarvakning gegn hatri og útskúfun hópa í samfélaginu á alltaf rétt á sér. Vitundarvakning gegn hatursorðræðu eins og henni hefur verið beitt af yfirvöldum á hins vegar ekki rétt á sér meðan hún er nýtt til að kalla hópa rasista eða sambærilegt fyrir skoðanir sem oft eru ótengdar rasisma og vel má ræða. Slíkar brennimerkingar á fólki er hatursorðræða og slík vitundarvakning getur fljótt byrjað að ýta undir hatur milli hópa og útskúfun þar sem fólk með mismunandi skoðanir vill ekki einu sinni hlusta á ástæður skoðana annarra. Ef fara á í vitundarvakningu gegn hatri og útskúfun í samfélaginu á að taka allar hliðar ekki bara eina hlið. Betra er að sleppa slíkri “hálfri” vitundarvakningu en að fara í hana .</p>
<p>3. Netnámskeið gegn hatursorðræðu. Útbúið verði netnámskeið með grunnfræðslu um eðli og afleiðingar hatursorðræðu auk fræðslu um mismunun og áreitni vegna þeirra þátta sem íslensk jafnréttislöggjöf tekur til sem og tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga. Námskeiðinu verði sérstaklega beint að: 1) kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga og starfsfólki stjórnarráðsins og undirstofnana þess, 2) skólastjómendum og kennurum, sem og leiðbeinendum og þjálfurum í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi, 3) dómurum, ákærendum og lögreglu, og 4) starfsfólki á almennum vinnumarkaði. Tímaáætlun: 2023-2026 Kostnaðaráætlun: Heildarkostnaður getur numið allt að 10 millj.kr. á tímabilinu, þar af 5 millj. kr. árið 2023.</p>	<p>Netnámskeiðum sem lýst er í þingsályktunartillögunni er kostnaðarsamar í tíma og ólíklegt að þau skili miklu.</p> <p>Það flækir síðan enn málið að yfirvöld virðast ekki enn vita hvað hatursorðræða er, ef marka má fjölda mála sem endað hafa með sýknu.</p> <p>Slík netnámskeið eru jafnvel til þess fallin að ýta undir viðtæka þöggun á mikilvægum málum sem nauðsynlegt er að ræða opinskátt í lýðræðissamfélagi til að vandamál hrannist ekki upp. Núgildandi hatursorðræðulöggjöf hefur</p>

Ábyrgðaraðilar: Forsætisráðuneyti og Jafnréttisstofa.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 5.2, 10.3, 16.10.

3a. Fræðsla gegn hatursorðræðu fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga.

Kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélaga hljóti fræðslu á netnámskeiði gegn hatursorðræðu, sbr. aðgerð 3. Markmið aðgerðarinnar verði að auka þekkingu meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga gegn hatursorðræðu og stöðu fólks sem er í viðkvæmri stöðu að verða fyrir henni.

Tímaáætlun: 2024–2026.

Ábyrgð: Innviðaráðuneyti í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og eftir atvikum aðra haghafa.

3. janúar 2023

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 10.3, 16.10.

3b. Fræðsla gegn hatursorðræðu fyrir stjórnendur og starfsfólk stjórnarráðsins og undirstofnana þess.

Stjórnendur og starfsfólk stjórnarráðsins og undirstofnana þess hljóti fræðslu gegn hatursorðræðu á netnámskeiði sbr. aðgerð 3.

Tímaáætlun: 2024–2026.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti og kjara- og mannauðssýsla ríkisins í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og forsætisráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: Markmið 10.3, 16.6 og 16.10.

3c. Fræðsla fyrir skólastjórnendur, kennara, leiðbeinendur og þjálfara í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi gegn hatursorðræðu.

Tryggt verði aðgengi skólastjórna og kennara á öllum skólastigum, ásamt leiðbeinendum og þjálfurum í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, að fræðsluefni um hatursorðræðu. Markmið aðgerðarinnar verði að auka þekkingu meðal þessara hópa um hatursorðræðu.

Tímaáætlun: 2024–2026.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 4.7, 8.8, 10.3, 16.6 og 16.10.

3d. Fræðsla gegn hatursorðræðu og um hatursglæpi fyrir dómara, ákærvald og lögreglu.

Unnið verði sérhæft fræðsluefni fyrir dómara, ákærvald og lögreglu þar sem fjallað er um hatursorðræðu og hatursglæpi með það fyrir augum að tryggja betri þekkingu á málaflokknum innan lögreglunnar, hjá ákærendum og dómurum. Einnig hljóti sömu aðilar fræðslu á netnámskeiði sem fjallað er um í aðgerð 3.

Tímaáætlun: 2024–2026.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari og dómstólasýslan.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 5.2, 10.3, 16.3, 16.6 og 16.10.

3e. Fræðsla gegn hatursorðræðu á vinnustöðum.

Boðið verði upp á fræðslu gegn hatursorðræðu fyrir vinnustaði á netnámskeiði, sbr. aðgerð 3, sem hluta af fræðslu um félagslegt vinnuumhverfi. Áhersla verði lögð á hvað atvinnurendur og starfsfólk geti gert til að skapa góða vinnustaðarmenningu og fyrirbyggja vandamál sem eiga orsakir í félagslegum þáttum, s.s. hatursorðræðu.

Tímaáætlun: 2024–2025.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins og aðila vinnumarkaðarins.

Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 8.8, 10.3 og 16.10.

misfarist og jök á andúð og hatur í samfélaginu og á þöggun mikilvægra mála. Ákærurnar frá 2009 sem minnst var á hér að framan þar sem fjöldi manns var rægður með röngum hatursorðræðu sakargiftum er skýrt dæmi þar um. Námskeið til eftirfylgni á lögum sem mismuna Íslendingum byggt á skoðunum og þjóðfélagsstöðu er því afar óæskilegt.

Hatursfull framkoma er að miklu leiti háð innræti þess sem fer með ummælin. Innræti er ekki hægt að kenna á námskeiði heldur ávinnst það gegnum reynsluheim fólks.

<p>4. Úttekt á nýlegum breytingum á almennum hegningarlögum. Meta skal reynsluna af þeim lagabreytingum sem gerðar voru á ákvæðum 70. gr., 180. gr. og 233. gr. a. almennra hegningarlaga með lögum nr. 29/2022. Reynslan skal vera metin frá gildistöku laganna eða frá 9. júní 2022 til 9. júní 2026. Ráðgert er að úttektin sjálf verði unnin í samráði við hlutaðeigandi rannsóknaraðila á árunum 2025-2026, en umfang hennar mun meðal annars ráðast af nánari afmörkun og fjármögnun aðgerðarinnar. Markmið lagabreytinganna var m.a. að bregðast við breyttum samfélagslegum viðhorfum til þeirrar háttsemi sem þau vörðuðu og að hluta til að fylgja eftir réttarþróun annars staðar á Norðurlöndunum. Sumar breytinganna tengdust einnig alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Með lögunum, sem tóku gildi 9. júní 2022, var gildissvið 180. gr. (um refsinemi nánar tiltekinnar mismununar) og 233. gr. a. (um refsinemi nánar tiltekinnar haturstjáníngar) almennra hegningarlaga víkkað og á grundvelli nýs tölulíðar, sem bætt var við 70. gr. sömu laga, skal nú almennt taka tillit til þess við ákvörðun refsingar hvort brot megi rekja til þar tilgreindra þátta. 3. janúar 2023 Tímaáætlun: 2025–2026. Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti í samráði við hlutaðeigandi rannsóknaraðila. Kostnaðaráætlun: 3,5 - 4 millj. króna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: Markmið 10.2, 10.3, 16.1, 16.3, 16.6, 16.7 og 16.10.</p>	<p>Það er jákvætt að reynsla af hegningarlögum sé metin. Mælast má þó til þess að það mat ná lengra aftur en til 2022. Hegningarlöggjöf gegn hatusorðræðu hefur mistekist færa má rök fyrir því að ákvæði 233a hafi í senn aukin á hatur og þöggun í samfélaginu. Brot á þessum lögum telja líklega í þúsundum ár hvert, en eingöngu koma fram örfáar kærur á ári. Skerðing tjáníngarfrelsis fyrir slíkt gagnslaust og jafnvel skaðlegt ákvæði á ekki rétt á sér samkvæmt stjórnarskrá. Við endurskoðun hegningarlaga þarf því að meta hvort að fella eigi ákvæði 233a alveg út.</p>
<p>5. Verklagsreglur fyrir lögreglu og ákærændur. Ríkissaksóknari tekur til skoðunar hvort rétt sé að gefa út fyrirmæli/verklagsreglur um rannsókn og ákærumeðferð mála sem varða ætluð brot gegn 233. gr. a og 180. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður einnig tekið til skoðunar hvort fyrirmælin/verklagsreglurnar ættu að taka til nýs 10. tölul. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Tímaáætlun: 2023-2026. Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti og ríkissaksóknari í samstarfi við lögregluembætti landsins. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.6, 16.10.</p>	<p>Refsiákvæði 233 a. á ekki rétt á sér og þyrfti að fella niður. Refsilagabrotin eru óljóst skilgreind og þurfa því að vera hluglægt metin. Ákvæðið mismunar fólki byggt á skoðunum, og ýtir jafnvel undir hatusáróður, og eykur þannig á sundrunu í samfélaginu.</p>
<p>6. Fullgilding viðbótarbókunar við samning Evrópuráðsins um tölvubrot. Dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti ljúki við að fullgilda viðbótarbókun nr. 189 við samning Evrópuráðsins um tölvubrot þar sem verknaðir, sem lýsa kynþátta- og útlendingahatri og framdir eru með því að hagnýta tölvukerfi eru gerðir refsinemir, svo unnt verði að vísa til viðbótarbókunarinnar sem fullgilds hluta samningsins hér á landi. Tímaáætlun: 2023–2026. Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.10.</p>	
<p>7. Þolendakönnun ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri kannar sérstaklega í þolendakönnun reynslu almennings af hatusorðræðu sem lið í því að kortleggja umfang hatusorðræðu á Íslandi. Tímaáætlun: Árlega 2023–2026. Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti og ríkislögreglustjóri. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.7, 16.10.</p>	<p>Þolendakönnun sem þessa er vel hægt að misnota með að beina henni eingöngu gegn hatusorðræðu valinna hópa, með það að marki að rægja pólitíska andstæðinga.</p>
<p>8. Uppfæra ákvæði laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, m. a. um ferli til að fjarlægja ólöglegt efni, þ.m.t. hatusorðræðu.</p>	<p>Aðgerðum sem lýst er í þessum kafla ná langt út fyrir hatusorðræðu viðbrögð, því til stendur að fjarlægja líka efni sem yfirvöld skilgreina sem rangar upplýsingar. Þetta býður</p>

<p>Menningar- og viðskiptaráðuneyti vinni að innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 frá 19. október 2022 um innri markað fyrir stafræna þjónustu og breytingu á tilskipun 2000/31/EB (tilskipun um rafræn viðskipti). Með innleiðingunni er áformað að uppfæra ákvæði laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002 um takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar, skyndivistunar og hýsingar og ferli til að fjarlægja ólöglegt efni, þ.m.t. hatursorðræðu. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um skyldur þjónustuveitenda að því er varðar gegnsæi og verklag til að stemma stigu við ólöglegu efni, neikvæðum áhrifum á grundvallarmannréttindi og dreifingu rangra upplýsinga.</p> <p>Tímaáætlun: 2023-2024 Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 10.3, 16.6 og 16.10.</p>	<p>upp á stórkostlega misnotkun eins og dæmin víða um heim sanna, þar sem slíkt falsupplýsingaátak var nýtt til að fela allar óþægilegar upplýsingar. Hér eru nokkur dæmi um slíka ritskoðun samfélagsmiðla.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fjarlæging allra upplýsinga um að SARSCOV2 kæmi af tilraunastofu sem bandaríska yfirvöld höfðu gefið styrki til að prófa corónuveiru í. - Fjarlæging upplýsinga um að þeir sem hefðu þegar fengið covid hefðu litið gagn af því að bólustetja sig. - Fjarlæging fésbókarsíða þar sem fólk sem hafði orðið fyrir aukaverkunum af bóluefnum deildi reynslu sinni. - Fela allar síður og umræðuhópa sem voru með gagnrýna umræðu gegn bólusetningaherferð yfirvalda og sóttvarnaraðgerðum yfirvalda. - Fjarlæging upplýsinga um að bóluefnið gagnaðist ekki gegn útbreiðslu smita. - Fjarlægja eða senda falska aðvörun til að draga úr trúverðugleika snemmedferða gegn covid eins og D-vítamín, Ivermectin, Hydroxychloroquin og zinc, og fleira í því skyni að beina öllum inn á að taka bóluefni. - Listinn heldur áfram og er langur. <p>Nú þegar liggur fyrir að umfram andlát síðasta ár eru nálægt 20%, og heilbrigðiskerfið er að hrúni komið eftir covidástandið og það fjárhagshögg sem sóttvarnaraðgerðir ollu, þá skýtur ansi skökku við að yfirvöld telji að aðgerðir hafi ekki verið nægjanlega ófgafullar og þau hefðu átt að hafa meiri völd til að stýra almenningi. Að leggja til slíkt ákvæði ber merki um að íslensk yfirvöld hafi litið lært. Stóri lærdómur Covid-tímans er að það þarf að hlúa að tjáningarfrelsnu svo fleiri skoðanir heyrast, en ekki búa til ný töl til þöggunar.</p>
<p>9. Ákvæði laga um fjölmiðla er varðar hatursorðræðu uppfært. Menningar- og viðskiptaráðuneyti innleiði tilskipun 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 sem breytir tilskipun 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (e. Audiovisual Media Service Directive). Með innleiðingunni er ráðgert að m.a. ákvæði laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er varðar hatursorðræðu verði uppfært og taki til fleiri hópa auk þess að mæla fyrir um bann við hvatningu til hryðjuverka (27. gr.). Eru breytingar þessar komnar til vegna þeirra breyttu dreifileiða sem myndefni er miðlað eftir og aukningar á notendaframleiddu efni sem leiðir af sér að auðveldara er að koma hatursáróðri á framfæri.</p> <p>Tímaáætlun: 2023-2024 Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Menningar og viðskiptaráðuneyti. 3. janúar 2023 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.1, 16.10</p>	<p>Í stað þess að fjölga hópum sem hatursákvæðislöggjöfin nær til þyrfti að fækka hópum. Yfirvöld eiga ekki að setja lög sem þau geta aðeins framfylgt fyrir suma. Varðandi að gera hvatningu til hryðjuverka ólöglega, þá er ekki gerð athugasemd við það.</p>
<p>10. Fræðsla gegn hatursorðræðu fyrir börn og ungmenni. Farið verði heildstætt yfir það náms- og fræðsluefni sem stuðlar að forvörnum gegn hatursorðræðu með það að markmiði að tryggja aðgang leik-, grunn- og framhaldsskóla að vönduðu efni sem hentar börnum og ungmennum á öllum aldri, sbr. grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.</p> <p>Tímaáætlun: 2023–2026. Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.</p>	<p>Hatursorðlöggjöf í grein 233a ætti að leggja niður og því á slík kenning ekki rétt á sér. Eðlilegra er að kenna börnum og ungmennum að best sé að sýna nærgætni gagnvart öllum en ekki bara einhverjum ákveðnum hópum.</p>

<p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 4.7, 16.10.</p>	
<p>11. Aukin upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu. Á tímabilinu 2024 – 2026 mun mennta- og barnamálaráðuneytið standa fyrir fræðslu og samráðsfundum um hatursorðræðu og birtingamyndir þess meðal barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Tímaáætlun: 2024-2026. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneytið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 4.7, 16.6, 16.10</p>	
<p>12. Aukin fræðsla, upplýsingamiðlun og samráð um hatursorðræðu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Á tímabilinu 2024 – 2026 mun forsætisráðuneytið í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, t.d. frjáls félagasamtök, þjónustu- og hýsingaraðila og fjölmiðlaveitur, standa fyrir samráðsfundum, málstofum eða fræðslu gegn hatursorðræðu og um birtingarmyndir hennar. Tímaáætlun: 2024 -2026. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Forsætisráðuneytið í samstarfi við Jafnréttisstofu og/eða frjáls félagasamtök, eftir atvikum. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.7, 16.10.</p>	
<p>13. Aukin upplýsingamiðlun og samráð við fjölmiðla gegn hatursorðræðu. Á tímabilinu 2024 – 2026 mun menningar- og viðskiptaráðuneytið standa fyrir samtali við fjölmiðla um hatursorðræðu. Markmiðið yrði að stuðla að opinni og upplýstri umræðu gegn hatursorðræðu í tengslum við tjáningarfrelsi og lýðræði. Tímaáætlun: 2024-2026. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Menningar-og viðskiptaráðuneytið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.7, 16.10.</p>	<p>Refsiákvæði 233a ætti að fella niður. Þessi fundarherferðir eiga því ekki rétt á sér.</p>
<p>14. Könnun um mismunun á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum. Á tímabilinu 2023 – 2026 mun heilbrigðisráðuneytið láta gera könnun á tilteknum heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum um umfang mismununar gagnvart starfsfólki vegna uppruna þess/litarháttar/kynheigðar o.s.frv. Markmið væri að kanna hvort dæmi um þetta séu þekkt/útbreidd við veitingu heilbrigðisþjónustu – og eins að kanna hvort viðkomandi stofnun sé með einhver skilgreind viðbrögð til að styðja við starfsfólk sem mætir líku viðmóti. Tímarammi:2023-2026 Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneytið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 5.1, 8.8, 10.3, 16.10.</p>	
<p>15. Utanríkisstefna með áherslu á mannréttindi og jafnrétti. Utanríkisráðuneytið nýti öll tækifæri til að leggja áherslu á mannréttindi og verja stöðu viðkvæmra hópa um allan heim með því m.a. að mæla gegn hatursorðræðu í alþjóðlegu samstarfi, á vettvangi alþjóðastofnana, og í samskiptum við önnur ríki þ.m.t. í framkvæmdastjórn UNESCO 2021-2025. Stjórnvöld nýti sér þá stöðu og reynslu sem Ísland hefur þegar kemur að réttindum og félagslegri stöðu viðkvæmra hópa til að auka vernd og réttindi þess annars staðar í heiminum. Markmið aðgerðarinnar væri að stjórnvöld leggi sérstaka áherslu á mannréttindi og jafnrétti, þ.m.t. að mæla gegn hatursorðræðu í utanríkisstefnu Íslands. 3. janúar 2023 Tímaáætlun: 2023–2026. Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda.</p>	

<p>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.a, 17.16.</p>	
<p>16. Tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu þýdd og kynnt. Ný tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu verða þýdd á íslensku og kynnt almenningi og nýtt til fræðslu, t.d. í skólum, hjá sveitarfélögum og hjá frjálsum félagasamtökum. Tímaáætlun: 2023 Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti í samstarfi við forsætisráðuneytið varðandi kynningarþáttinn. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 4.7, 16.10.</p>	
<p>17. Upplýsingavefsvæði um hatursorðræðu. Á árunum 2023-2024 mun forsætisráðuneytið gera vefsvæði um hatursorðræðu. Þar koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda gegn hatursorðræðu, bæði á íslensku og ensku og mælaborð um framgang einstakra aðgerða, tilmæli Evrópuráðsins CM/Rec (2022)16 um baráttu gegn hatursorðræðu og fleiri nytsamlegar upplýsingar gegn hatursorðræðu. Tímaáætlun: 2023-2026. Kostnaðaráætlun: Rúmist innan fjárheimilda. Ábyrgð: Forsætisráðuneytið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 16.10.</p>	<p>Vefsvæði sem þetta, sem dreifir upplýsingum um hverjir yfirvöld telja að séu með hatursorðræðu án þess að fyrir liggi sakfelling fyrir dómi er í eðli sínu hatursorðræðusíða, þar sem verið er að rægja einstaklinga eða hópa sem eru saklausir uns sekt er sönnuð. Óverjanlegt er að ríkið fjármagni slíka síðu, þar sem það býður upp á misnotkun.</p>